




Uppþemba?

IMOGAZE® gegn uppþembu og lofti í maga




Imogaze mjúkt hylki (inniheldur simeticon) við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum og unglíngum frá 15 ára aldri. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.



Ertu með loft í maganum?

Finnst þér stundum kviðurinn á þér vera útþaninn líkt og blaðra? Og finnst þér ef til vill neyðarlegt þegar garnahljóðin óma frá maganum? Þú ert ekki einsdæmi hvað þetta varðar. Kannanir sýna að uppþemba og vindgangur er ekki óalgengt vandamál,* en sem betur fer er hægt að ráða bót á því.

Ástæður uppþembu geta verið margvíslegar, t.d. getur það tengst mataræði, lifnaðarháttum eða álagi. Notkun tyggigúmmis og reykingar getur einnig valdið því að fólk gleypir loft sem veldur þessari tilfinningu um uppþembu.



* Norstat Omnibuss© Nordic, Danmörk 2008, rannsókn innan fyrirtækisins.

IMOGAZE® gegn einkennum uppþembu!

IMOGAZE® er lyf sem fæst án lyfseðils og vinnur gegn einkennum sem tengjast vindgangi og uppþembu. IMOGAZE® inniheldur simeticon sem breytir yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að fara í gegnum þarmana svo að óþægindin minnka.

Skömmtunin er einföld: Taktu eitt hylki eftir hverja máltíð – alls þrisvar sinnum á sólarhring og þú ert á réttri braut. IMOGAZE® inniheldur ekki rotvarnarefni, mjólkursykur eða litarefni; og bæði barnshafandi konur og konur með barn á brjósti mega nota það.

Góð ráð við uppþembu og lofti í maga

Það er margt hægt að gera til að koma í veg fyrir óþægindi vegna vindgangs og uppþembu. Hér getur þú séð, hvað skal forðast og hafa í huga:

- Forðastu fæðu sem myndar mikið loft, t.d. kál, baunir og lauk.
- Neyttu minna af fituríkri fæðu.
- Forðastu mjólkurvörur ef þú ert með mjólkursykuróþol.
- Forðastu kolsýrða drykki, t.d. gosdrykki og sóðavatn.
- Forðastu tyggigúmmi og harðar karamellur – sérstaklega sykurlausar vörur sem gerðar eru sætar með sorbitoli.
- Tyggðu matinn vel til þess að þú gleypir minna af lofti.
- Stundaðu hreyfingu reglulega.